


Garðabær, 09.11.20

Bæjarráð Garðabæjar

Stjórn Ungmennafélags Álftaness óskar eftir að Garðabær geri ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun árið 2021 til að klára framkvæmdir við vallahúsið sem staðsett er við Bessastaðavöll.

Það fjármagn sem úthlutað árið var 2019 hefur ekki dugað til að klára verkið. Sérstaklega er brýnt að klára vinnu við loftræstingu, stækkun á niðurföllum og breytnu á millirými.

F.h. stjórnar UMFÁ,



Björgvin Jóniússon

Garðabær, 09.11.20

Bæjarráð Garðabæjar

Stjórn Ungmennafélags Álftaness óskar eftir að Garðabær geri ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun árið 2021 til að bæta aðstöðu áhorfenda á knattspyrnuvöllum við Breiðumýri.

Áður hefur félagið kynnt hugmyndir um byggingu 200 sæta stúku en áætlaður kostnaður við slíka framkvæmd er 6 milljónir. Stuðningsaðilar félagsins keyptu í sumar 200 sæti sem nota má í stúkuna.

Engin salernis- eða kaffiaðstaða fyrir áhorfendur er til staðar við knattspyrnuvöllina. Félagið telur nauðsynlegt að bæta úr því sem allra fyrst, sérstaklega í ljósi aðstæðna sem skapast hafa í þjóðfélaginu síðustu mánuði.

F.h. stjórnar UMFÁ,



Björgvin Jóníusson

Garðabær, 09.11.20


Bæjarráð Garðabæjar

Stjórn Ungmennafélags Álftaness óskar eftir að Garðabær geri ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun árið 2021 til kaupa á leikklukku og hátalarakerfi fyrir íþróttasalinn í íþróttamiðstöðinni við Breiðumýri.

Leikklukkan sem nú er til staðar er komin til ára sinna og er ekki lögleg fyrir framkvæmd á leikjum í efstu deildum körfuboltans.

Þá var hátalarkerfið tekið niður í framkvæmdum við íþróttasalnum í sumar og ákveðið að það fari ekki í notkun aftur. Því þarf að gera ráð fyrir nýju hátalakerfi sem stenst settar kröfur og reglugerðir.

F.h. stjórnar UMFA,



Björgvin Jóniússon